

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 199/2013

2014/EES/19/21

frá 8. nóvember 2013

## um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/733/ESB frá 26. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og endurreisn EURES-netsins <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2012/733/ESB fellur úr gildi, frá og með 1. janúar 2014, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 1. janúar 2014.
- 3) V. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði V. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011):  
„2a. **32012 D 0733**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/733/ESB frá 26. nóvember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 að því er varðar afgreiðslu atvinnutilboða og atvinnuumsókna og endurreisn EURES-netsins (Stjtið. ESB L 328, 28.11.2012, bls. 21).“
2. Texti 7. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB) falli brott frá og með 1. janúar 2014.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/733/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. nóvember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Dórir Ibsen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 28.11.2012, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 5, 10.1.2013, bls. 16.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.